SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS

# Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistaflokks Íslands mánudaginn 28. október 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson og Viggó K. Jóhannsson. Katrín Baldursdóttir, Heiða B. Heiðars og Laufey Ólafsdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Flestir hafa samþykkt síðustu fundargerð.

2. Verkefni fram að aðventufundi

a. Mini-ráðstefnur um auðlindir og samgöngur

Mini-ráðstefnur með slembivöldum málefnahópum eru fyrirhugaðar næsta laugardag og sunnudag og mun framkvæmdastjórn vinna að undirbúningi þeirra með málefnastjórn. Fundarmenn veltu fyrir sér hvaða atriði skyldi taka fyrir og um leið hvaða ræðumenn/viðmælendur kæmu til greina.

b. Málefnanefndir

Verður rætt á næsta fundi.

c. Fjölgun félaga

Farið var betur yfir þær hugmyndir sem komu fram á síðasta fundi. Veltum m.a. fyrir okkur að hringja út í fólk sem hefur einhverntíma sýnt áhuga á flokknum.

3. Maístjarnan

Engar nýjar umsóknir hafa borist.

4. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 870.539 kr., Maístjarnan 2.349.461 kr.

5. Önnur mál

Samþykkt var að flytja lögheimili flokksins á nýtt lögheimili formanns framkvæmdastjórnar.

Á næsta fundi verður rætt um stofnun innflytjendaráðs og öryrkjaráðs.